| | |
|---|---|
| | **Áfanganúmer:** EÐLI2AB10 |
| | **Þrep:** 2 |
| | **Einingar:** 10 |
| | **Forkröfur:** Áfangar í stærðfræði, þar sem fjallað er um algebru, hornaföll og vigra. |
| | **Lýsandi heiti:** Inngangur að hreyfifræði, aflfræði, varmafræði, rafmagnsfræði og bylgjum. |

| **Áfangalýsing:** |
|---|
| Í þessum áfanga verður farið í helstu undirstöðuatriði eðlisfræðinnar sem gera nemendum kleift að stunda áframhaldandi nám í eðlisfræði á háskólastigi. Nemendur fá að kynnast grundvallarlögmálum heyfifræðinnar og vinna verkefni sem t.d. tengjast hreyfingu hluta sem á verka fastir kraftar. Þá verður farið í undirstöðuatriði varma- og rafmagnsfræði. Nemendur munu einnig fá kynningu á tilraunaeðlisfræði með verklegum æfingum. |

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- *metrakerfinu og marktækum tölustöfum*
- *grunnatriðum hreyfifræði*, s.s. lýsingu hreyfingar í einni vídd, með hugtökunum færslu, hraða og hröðunnar og skilgreiningu þessarra hugtaka með notkun vigurhugtaksins
- *grunnhugtökum aflfræðinnar*, s.s. kröftum, lögmálum Newtons, vinnu og orkuvarðveislu, afli, skirðþunga, vökvaþrýstingi og lögmáli Arkimedesar
- *varmafræði*, s.s hitastigi, eðlisvarma, fasabreytingum og fasabreytingavarma
- *hreyfing í tveimur víddum með áherslu á hringhreyfingu*
- *rafmagnsfræði,* grunnhugtökum um hleðslur og kröftum milli þeirra, rafsviði, spennu, straum, viðnámum, rafhlöðum og einföldum rafrásum
- *bylgjum*, ýmsum tegundum og eiginleikum þeirra, sérílagi ljós- og hljóðbylgjum

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita lögmálum eðlisfræðinnar til að leysa ýmis konar verkefni

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- heimfæra efni áfangans uppá daglegt líf og umhverfi
- rökstyðja í orðum útreikninga og túlka niðurstöður þeirra
- túlka niðurstöður mælinga s.s. með hjálp grafískrar framsetningar
- vinna með öðrum

**Mat á hæfniviðmiðum**

- hlutapróf, jólapróf og stúdentspróf
- skriflegar æfingar